

Stykkishólmurbær
Hafnargötu
340Stykkishólmur

Reykjavík, 23. desember 2020
UST202003-055/S.M.
08.14.02

Reglubundið eftirlit á urðunarstað Stykkishólmsbæjar

Þann 20. október sl. fór fram reglubundið eftirlit á urðunarstað Stykkishólmsbæjar við Ögurveg. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Rekstraraðili vinnur eftir samþykktri úrbótaáætlun varðandi eldra frávik er varðar starfsleyfisskylda starfsemi án starfsleyfis.

Engin ábending var gerð í eftirlitinu en eitt frávik kom fram er varðar:

1. 19. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Rekstraraðilar skulu fyrir 1. maí ár hvert skila til Umhverfisstofnunar skýrslu um þann úrgang sem meðhöndlaður var á undangengnu almanaksári sem og um eftirlit með umhverfi og rekstrarþáttum sem valdið geta mengun eða losun út í umhverfið. **Rekstraraðili sendi inn úrbótaáætlun vegna þessa þann 27. október sl. og hyggst gera úrbætur fyrir 1. maí 2021. Úrbætur verða teknar út í næsta eftirliti.**

Virðingarfyllst

Sigríður Magnúsdóttir

Helga Rut Arnarsdóttir